

STARFSREGLUR

stjórnar Orkubús Vestfjarða ohf.

Starfsreglur stjórnar Orkubús Vestfjarða ohf. eru settar í samræmi við ákvæði 4, mgr. 70. gr. laga um hlutafélög nr.2/1995 og ákvæði 12. gr. samþykktu félagsins. Starfsreglurnar gilda um störf stjórnar og verkaskiptingu stjórnar og forstjóra félagsins (orkubússtjóra).

Starfsreglur stjórnar Orkubús Vestfjarða eru til að draga fram stjórnarhætti félagsins. Þar sem ákvæði starfsreglna þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt sem og samþykktum Orkubús Vestfjarða.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila.

1. Verkaskipting stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skal stjórn skipta með sér verkum. Kjósa skal formann, varaformann og ritara úr hópi stjórnarmanna. Jafnframt skulu starfsreglur stjórnar kynntar og nýjum stjórnarmönnum afhent handbók stjórnar. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra. Ef formaður stjórnar forfallast tekur varaformaður við störfum hans.

2. Hæfi

Stjórnarmenn skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála sem varða aðila sem eru tengdir þeim persónulega eða fjárhagslega. Stjórnarmenn skulu gefa skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi störf þeirra í þágu félagsins. Stjórnarmanni sem veit /telur hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Stjórnarmaður eða orkubússtjóri getur jafnframt lagt fram tillögu um vanhæfi stjórnarmanns. Stjórn sker úr um hvort mál er svo vaxið að einhver stjórnarmanna sé vanhæfur. Teljist stjórnarmaður vanhæfur skal hann ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu þess máls. Enn fremur skal hann víkja af fundi við umræður og afgreiðslu málsins.

3. Boðun stjórnarfunda

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir fundum. Formaður skal boða til stjórnarfundar óski einhver stjórnarmanna eða orkubússtjóri eftir því. Boðun skal gerð með tölvupósti á netfang sem stjórnarmenn hafa gefið upp. Formaður getur falið orkubússtjóra eða starfsmanni Orkubúsins boðun stjórnarfunda. Leitast skal við að reglulegir fundir stjórnar verði ákveðnir til eins árs í senn og skal fundadagskrá liggja fyrir á síðasta reglulega fundi hvers árs.

Undirskrift þriggja stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

4. Dagskrá stjórnarfunda

Dagskrá fundar og fundargögn skulu að jafnaði send stjórnarmönnum minnst tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Formaður eða orkubússtjóri leggur mál fyrir stjórnina og skal tilgreint hvort mál sé lagt fram til samþykktar, umræðu eða til kynningar. Hvert mál skal að jafnaði lagt fram með minnisblaði orkubússtjóra eða annarra starfsmanna í hans umboði sem dregur saman meginatriði máls. Ef mál er lagt fram til samþykktar skal tillaga um ákvörðun stjórnar skýrt sett fram.

5. Fundargerðir

Formaður stjórnar ber ábyrgð á að fundargerðarbók sé færð. Heimilt að fela starfsmanni Orkubúsins að færa fundargerðarbók.

Sérhver stjórnarmaður og varamaður getur krafist bókunar í fundargerð.

Fundargerð skal ávallt rituð svo fljótt sem kostur er eftir að fundi lýkur og send stjórnarmönnum. Endanleg fundargerð skal liggja fyrir til samþykktar í upphafi næsta stjórnarfundar. Stjórnarmenn sem sitja fund auk orkubússtjóra og fundarritara skulu undirrita fundargerð.

Heimilt er að skrá fundargerð í tölvu. Formaður eða varaformaður í fjarveru hans, ásamt fundarritara skulu þá setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða.

6. Verkefni stjórnar

Stjórn hefur yfirumsjón með að starfsemi Orkubús Vestfjarða sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar reglur sem um reksturinn kunna að gilda. Stjórnin skal einnig hafa eftirlit með rekstri Orkubús Vestfjarða. Það er hlutverk stjórnar að móta áherslur í starfi Orkubús Vestfjarða. Stefnumótun Orkubús Vestfjarða er á ábyrgð stjórnar og skal unnin í samstarfi við orkubússtjóra.

Stjórn skal samþykkja allar meiri háttar ákvarðanir skriflega. Undirritaðar fundargerðir stjórnar þar sem bókaðar eru ákvarðanir skulu teljast skriflegt samþykki eða synjun.

Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Stjórn gerir ársreikning félagsins og leggur fyrir endurskoðendur að minnsta kosti einum mánuði fyrir aðalfund félagsins.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skal samþykkja rekstraráætlun fyrir næsta starfsár, sem undirbúin er og lögð fram af orkubússtjóra.

7. Hlutaskrá og meðferð hlutabréfa í félaginu

Stjórn heldur hlutaskrá félagsins og fer með forkaupsrétt að fölum hlutum fyrir hönd félagsins. Stjórn er heimilt að ákveða að hlutabréf félagsins skuli gefin út með rafrænum hætti. Stjórn tekur við skriflegum tilkynningum um eigendaskipti hlutabréfa svo þau taki gildi.

8. Hluthafafundir

Stjórn boðar aðalfund félagsins sem haldinn skal í maímánuði ár hvert og hluthafafundi í samræmi við ákvæði samþykpta félagsins. Stjórn leggur fram skýrslu um rekstur og hag félagsins á aðalfundi, tillögu um hvernig farið skuli með hagnað eða tap og um arð og varasjóð.

9. Handbók stjórnar

Orkubússtjóri skal í samráði við formann stjórnar Orkubús Vestfjarða taka saman handbók fyrir stjórnarmenn félagsins þar sem koma fram lög sem um starfsemi þess gilda, samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar. Jafnframt skal þar kynnt saga félagsins og stefnumótun auk annarra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja til að auðvelda stjórnarmönnum að rækja störf sín í þágu félagsins. Skal handbókin endurskoðuð og uppfærð árlega fyrir aðalfund félagsins eða eftir því sem tilefni er til.

10. Orkubússtjóri

Stjórn Orkubús Vestfjarða ræður forstjóra (orkubússtjóra) til starfa og ákveður starfskjör hans, nema lög kveði á um annað. Orkubússtjóri skal móta helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar. Orkubússtjóri skal veita stjórnarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita þer samkvæmt lögum.

Orkubússtjóri ber ábyrgð á daglegri stjórn Orkubús Vestfjarða og er talsmaður félagsins, nema varðandi sérstakar ákvarðanir stjórnar. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur orkubússtjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild stjórnar nema ekki sé unnt að biða ákvörðunar stjórnar án óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Orkubússtjóra ber að sjá um að reksturinn sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar reglur sem um reksturinn kunna að gilda.

Orkubússtjóri ræður aðra starfsmenn Orkubús Vestfjarða til starfa.

11. Birting starfreglna

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Orkubús Vestfjarða og vera sýnilegar á starfsstöðvum félagsins.

12. Breytingar á starfsreglum

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.

Þannig samþykkt í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf.
Ísafirði 7. nóvember 2011